



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hundrað ára
afmælishátíð
Dansk-Islandsk Samfund
Kaupmannahöfn
8. janúar 2016**

Yðar Konunglega Tign
Kæru gestir

Það er í senn heiður og ánægja að vera með ykkur á þessum merku tímamótum og færa ykkur kærar kveðjur frá íslensku þjóðinni og þakkir fyrir hið mikla framlag Dansk-Islandsk Samfund til þeirra nánu tengsla og vináttu sem lengi hafa einkennt samband landa okkar.

Forseti Íslands er á hverjum degi þegar hann gengur til starfa á hinu sögulegu setri Bessastöðum minntur á sterk tengsl við Danmörku. Elsta hús staðarins, Bessastaðastofa, var fyrir tvö hundruð árum heimkynni hins merka skóla sem undirbjó unga menn fyrir nám við háskólann í Kaupmannahöfn; vaska sveit sem á örlagatímum nítjándu aldar óf menntunina í Kaupmannahöfn saman við menningu og sögu þjóðarinnar, ruddi nýjar brautir í skáldskap, vísindum og réttindabaráttu.

Fornleifauppgröfturinn á Bessastöðum veitti okkur svo fyrir aldarfjórðungi nýja sýn á Konungsgarðinn, hinn gamla bústað embættismanna sem í aldarraðir stjórnðu Íslandi í umboði konungs. Málverkið eftir Frederik Sørensen sem prýðir helsta vegg móttökusalarins er til vitnis um hina merku ferð Kristjáns IX konungs þegar Hans Hátign tók þátt í hátíðarhöldum á Þingvöllum árið 1874 í tilefni af þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar. Konungurinn kom þá einnig færandi hendi; veitti Íslendingum hina fyrstu stjórnarskrá sem kvað á um nýja stjórnskipun landsins.

Já; svo sterk og margslungin eru tengslin, sterkar sögulegar rætur, að ógerlegt er að gegna embætti forseta Íslands án þess að þau móti vitund hans um vegferð þjóðarinnar og hin ríku áhrif Danmerkur á íslenska sögu.

Þegar Dansk-Íslandsk Samfund var stofnað fyrir hundrað árum og fullveldi Íslands var á næsta leiti, nýir tímar í vændum í samskiptum þjóðanna, var ríkur vilji að laga hin nánú tengsl að nýjum aðstæðum, leggja lóð á þá vogarskál, efla áfram vinarþel og leggja rækt við menntun og menningu, fræða og upplýsa í löndunum báðum.

Saga Dansk-Íslandsk Samfund varð því samofin fullveldissögu og síðar lýðveldistíma Íslendinga og hefur átt ríkan þátt í því að þjóðir sem á fyrri tíð háðu ýmsar deilur hafa um langa hríð verið öðrum gott fordæmi um nána vináttu og skapandi samstarf.

Samband Íslands og Danmerkur eignaðist nýtt upphaf sem skipti miklu þegar íslenskt fullveldi tók að mótast og Íslendingar glímdu við hið ögrandi verkefni eftir lýðveldisstofnun að sanna fyrir veröldinni og sjálfum sér að þeir gætu staðið á eigin fótum, að ein fámennasta þjóð Evrópu, sem enn glímdi við fátækt, gæti þróað sjálfstætt ríki.

Arfurinn frá gullöld þjóðveldisins, sögur og kvæði, hinar sígildu bókmenntir, voru ásamt tungumálinu á vissan hátt grundvöllur hinnar sterku sjálfstæðisvitundar Íslendinga og því skipti lausnin á handritamálinu miklu. Heimkoma fyrstu handritanna, Konungsbókar Eddukvæða og Flateyjarbókar, varð að þjóðhátíð; þúsundir fögnuðu danska varðskipinu Vædderen á hafnarbakkanum í Reykjavík.

Höfðingsskapur og vinarþel Dana sem birtist í heimsendingu handritanna er einstakt fordæmi í veraldarsögunni og því varð það okkur Íslendingum mikil gleðiefni að Hennar Hátign Margrét drottning tók þátt í hátíðarhöldum okkar árið 2013 þegar við heiðruðum minningu Árna Magnússonar handritasafnara á 350 ára afmæli hans.

Auk hátíðarsamkomunnar í Þjóðleikhúsinu heimsótti Hennar Hátign hið gamla og virðulega Safnahús við Hverfisgötu, byggingu sem er fagur vitnisburður um dönsk áhrif á íslenska byggingarlist, og tók þar við fyrsta eintaki hins mikla stórvirkis sagnfræðingana Guðjóns Friðrikssonar og Jóns Þ. Þórs: „Kaupmannahöfn – höfuðborg Íslands í 500 ár“. Það er veigamikil sagnfræðiverk sem einnig á erindi til Dana enda lýsti Margrét drottning við þetta tækifæri þeirri von að verkið kæmi senn einnig út á dönsku; einstök heimild um samfylgd þjóðanna í fimm aldir.

Dansk-Íslandsk Samfund hefur á langri leið verið mikilvægur vettvangur til að rækta hið gefandi samstarf, ræða nýjar hugmyndir, sameina krafta í góðum verkum. Félagið hefur efnt til margvíslegra

viðburða, fyrirlestra og hátíða. Margar ræður sem fluttar hafa verið á samkomum Dansk-Íslensk Samfund hafa verið mikilvægt framlag til að efla hina traustu vináttu þjóðanna; endurskilgreina tengslin; varpa nýrri sýn á sögu fyrri alda og verkefni framtíðar.

Félagið hefur líka haldið áfram að leggja rækt við bókmenntirnar, bæði nýjar og eldri, enda skáldskapurinn kannski lífæðin í tengslum okkar. Því var vel við hæfi að Dansk-Íslensk Samfund gæfi út úrval þýðinga á ljóðum Jónasar Hallgrímssonar á 200 ára afmæli skáldsins árið 2007 undir heitinu Landet er fagert; með ítarlegum inngangi eftir Matthías Johannessen skáld og fyrrum ritstjóra.

Styrkirnir sem Dansk-Íslensk Samfund úthlutar til íslenskra námsmanna hafa einnig skipt miklu og í þeim efnum hefur framlag frá A.P. Möller og Hustru Chastine Mc-Kinney Møllers Fond til almene Formaal verið höfðinglegt eins og svo margir aðrir styrkir sjóðsins til dansks-íslenskra verkefna.

Það er því margt að þakka á þessari hátíðarstundu og Dansk-Íslensk Samfund getur á hundrað ára afmælinu litið með gleði og stolti yfir farinn veg; sótt í verk fyrri tíðar kraft til að skapa nýja áfanga.

Framtíðin verður tími örra breytinga; heimurinn tekur ár af ári stakkaskiptum, en samt mun vinátta Íslendinga og Dana halda áfram að styrkjast; býr nú jafnvel að fleiri víddum en oftast áður. Nýsköpun í bókmenntum, vísindum, tækni, samfélagsháttum og atvinnulífi er ríkulegur efniviður sem styrkja mun alda gamla brú vináttu okkar.

Dansk-Íslensk Samfund hefur verið vettvangur fólks sem kappkostar að rækta þessa vináttu og svo verður vonandi áfram um alla framtíð.

Ég færi ykkur hér í kvöld einlæggar þakkir íslensku þjóðarinnar og hamingjuóskir á merku afmælisári.